



Útgefandi: Kvika banki hf.

Viðauki við lýsingu, dagsetta 16. júní 2017, vegna umsóknar um töku stækkunar útgáfu víkjandi skuldabréfs útgefanda í flokknum KVB 15 01, til viðskipta í Kauphöll Íslands

Viðauki þessi er birtur á grundvelli 46. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 sem varða tilvik þegar fram koma „mikilvægar nýjar upplýsingar, veigamikil mistök eða ónákvæmni er varða upplýsingar í lýsingu, sem máli geta skipt við mat á verðbréfunum“. Lýsing Kviku skal höfð til hliðsjónar við lestur viðauka þessa og gilda skilgreiningar í lýsingu jafnframt um viðauka þennan. Við birtingu viðaukans myndar hann órjúfanlegan hluta lýsingarinnar.

Nýr kafli 3.2.3. *Kauptilboð* bætist við útgefandalýsingu og er svohljóðandi:

„Þann 20. júní 2017 birti stjórn Kviku tilkynningu þar sem greint er frá því að stjórn Kviku hafi gert kauptilboð í allt hlutfé Virðingar, og ef að af kaupunum verði sé stefnt að því að sameina félögin. Í tilkynningunni kemur m.a. fram að kaupverð nemi 2.560 milljónum króna og verði greitt með reiðufé. Kaupin séu háð ákveðnum skilyrðum, þar á meðal samþykki hluthafa beggja félaga og samþykki eftirlitsstofnana. Þá kemur fram að stjórn Virðingar hafi mótttekið kauptilboðið og ákveðið að beina því til hluthafa félagsins.

Tilkynningin hefur verið felld inn í heild sinni með tilvísun og má nálgast undir eftirfarandi vefslóð:

<https://csf.omxgroup.com/cns-web/oam/viewOamDisclosure.action;jsessionid=ueHzLCrJ4pN8hh7EUjPwJu3QlbMRHOyxNpVL3PQF.csf.0603?disclosureId=353387>

Eftirfarandi setning bætist aftast í kafla 8.1 *Upplýsingar sem eru felldar inn með tilvísun*:

„Tilkynning stjórnar Kviku, dags. 20. júní 2017, um kauptilboð stjórnar Kviku í allt hlutfé Virðingar, er felld inn í heild sinni með tilvísun og má nálgast undir eftirfarandi vefslóð:

<https://csf.omxgroup.com/cns-web/oam/viewOamDisclosure.action;jsessionid=ueHzLCrJ4pN8hh7EUjPwJu3QlbMRHOyxNpVL3PQF.csf.0603?disclosureId=353387>

Önnur atriði

Framangreind tilkynning sem áður hefur verið birt opinberlega er með viðauka þessum felld inn með tilvísun í lýsingu útgefna af Kviku banka hf., þar sem útgefandalýsing er dagsett 24. mars 2017 og verðbréfalýsing og samantekt þann 16. júní 2017, og skal skoðast sem órjúfanlegur hluti af lýsingunni.



Yfirlýsing ábyrgðaraðila fyrir hönd útgefanda

Formaður stjórnar og forstjóri Kviku banka hf., kt. 540502-2930, Borgartúni 25, 105 Reykjavík, lýsa því yfir fyrir hönd Kviku banka hf. sem útgefanda að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem viðaukinn hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hafi verið sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 22. júní 2017

Þorsteinn Pálsson
formaður stjórnar

Ármann Þorvaldsson
forstjóri

